

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra, á Blönduósi,
mánudaginn 2. mars 2009, kl. 14.00**

Mætt voru: Guðrún Helgadóttir formaður, Adolf H. Berndsen, Bjarni K. Þórisson, Pétur Jónsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Aðalfundur menningarráðs

Samþykkt var að halda aðalfund menningarráðs í tengslum við Ársþing SSNV 21.-22. ágúst nk.

Einnig var farið yfir samþykktir ráðsins og hugsanlegar breytingar á þeim í tengslum við endurnýjun menningarsamnings við ríkið.

2. Ársskýrsla menningarráðs fyrir árið 2008

Fyrir fundinum lágu drög að ársskýrslu fyrir árið 2008. Drögin voru samþykkt með nokkrum breytingum.

3. Endurskoðun samnings ríkisins og SSNV um menningarmál

Núverandi samningur ríkis og SSNV um menningarmál rennur út í árslok 2009. Í samningnum er kveðið á um að fram skuli fara mat á árangri samningsins og sé það forsenda hugsanlegrar endurnýjunar samningsins. Samþykkt var að fela menningarfulltrúa að taka saman verklýsingu fyrir væntanlegt árangursmat og finna úttektaraðila sem ráðuneytið samþykkir.

Fram kom að stjórn SSNV hefði ákveðið leiða samningaviðræður um endurnýjun samningsins og að framkvæmdastjóra samtakanna hefði verið falið að óska eftir fundi með menntamálaráðherra vegna þessa. Menningarráð leggur til að formaður ráðsins og menningarfulltrúi taki þátt í vinnu við endurnýjun samningsins.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 15.55.

Ingibergur Guðmundsson
fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.